



MARKAÐSSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

Bæjarráð  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

2. október 2017

## Efni: Fjárhagsáætlun 2018.

### Almennt framlag til Markaðsstofu Hafnarfjarðar

Markaðsstofa Hafnarfjarðar (MsH) og Hafnarfjarðarðarkaupstaðar undirrituðu með sér samkomulag, til þriggja ára, þann 16. apríl 2016. Þar er kveðið á um að MsH skuli starfa á sviði atvinnu,- ferða,- og markaðsmála. Leggja áherslu á að efla og styðja við fyrirtækin í bænum sem og að laða til bæjarins ný fyrirtæki. Auka sýnileika og bæta samkeppnisstöðu Hafnarfjarðar og vinna að því að starfsemi vegna ferðamanna og þjónustu við þá aukist í bænum.

Í samkomulaginu er kveðið á um að MsH fái árlegan styrk til starfseminnar sem nam 10 mkr. árið 2016 en bæjarstjórn skyldi taka ákvörðun um styrkupp hæð vegna árána 2017 og 2018. Framlagið hélst óbreytt árið 2017 þrátt fyrir laun- og kostnaðarhækkunar.

MsH er nú á sínu öðru starfsári og því komin ákveðin reynsla og þekking á umfangi og verkefnum tengdum stofunni. Að því sögðu óskar Markaðsstofa Hafnarfjarðar eftir eftirfarandi breytingum á framlagi og verkefnum vegna fjárhagsáætlunar 2018 sem nánar eru skýrð í eftirfarandi greinargerð:

Almennt framlag skv. samkomulagi	2018	2017	2016 (10/12)
<b>Hækkun á styrkframlagi ársins:</b>	<b>13.240.000</b>	<b>10.000.000</b>	<b>10.000.000</b>
- Laun og launatengd gjöld	12.240.000	11.025.250	9.187.706*
- Rekstur skrifstofu	1.000.000	1.000.000	672.710**

\*Miðast við 10 mán eða frá ráðningu stm. þann 1. mars 2016.

\*\*Ekki inni uppgjör og endurskoðun vegna ársreiknings og því hækkað talan fyrir 2018.

### Sérstök verkefni Markaðsstofu Hafnarfjarðar

Einnig kemur fram í samkomulaginu að Markaðsstofan geti tekið við fleiri verkefnum fyrir Hafnarfjarðarbæ en þar séu tilgreind en semja skuli sérstaklega um þau verkefni.

MsH sækir hér með um styrk í eftirfarandi sérverkefni.

Sérstök verkefni	2018	2017	2016 (10/12)
<b>Ferðamál:</b>	<b>1.810.000</b>		
-Ferðamannabæklingur	1.240.000	MsH + HFJ	MsH + HFJ
-Upplýsingaskilti ferðamanna	570.000	HFJ	Í umsjón Hafnarfjr.
<b>Heilstæð markaðsstefna fyrir Hfj.</b>	<b>15.000.000</b>		

## Greinargerð

### 1. Hækkun á styrkframlagi

Samkvæmt samkomulagi, sem áður hefur verið vísað í, skal Hafnarfjarðarbær leggja MsH til starfsstöð fyrir einn starfsmann auk tölvuþjónustu. Auk þess skyldi starf stofunnar styrkt með 10 mkr. framlagi árið 2016 en bæjarstjórn tæki síðan ákvörðun um árlegan styrk vegna árána 2017 og 2018 í fjárhagsáætlun. Styrknum er ætlað að standa undir greiðslu á launum og launatengdum gjöldum framkvæmdastjóra og almennum rekstri skrifstofu (ritföng, áhöld, fundarkostnaður ofl.).

Laun og launatengd gjöld: Nú er það svo að styrkurinn stendur ekki undir þeim gjöldum sem honum var ætlað m.a. vegna þeirra kjarasamningsbundnu launahækkana sem verið hafa skv. kjarasamningum. Launavísitala hefur hækkað um rúmlega 11% frá því að samningurinn var gerður og búast má við frekari hækkunum til ársloka 2018.

**Ekki** var óskað eftir hækkun á styrkframlagi bæjarins vegna ársins 2017 þar sem framkvæmdastjóri hóf ekki störf fyrr en í mars 2016 og því var það svigrúm sem skapaðist nýtt vegna ársins 2017.

Rekstur skrifstofu: Árið 2016 var fyrsta starfsár Markaðsstofunnar í þeim tölum eru því ekki greiðslur vegna uppgjors og endurskoðunar vegna ársreiknings sem skýrir hækkun á rekstri vegna reksturs skrifstofu.

### 2. Ferðamál

Markaðsstofa Hafnarfjarðar leggur til að ábyrgð og utan um hald vegna útgáfu ferðamannabæklings Hafnarfjarðar „*Welcome to Hafnarfjörður*“ (þ.m.t hönnun, þýðing, ljósmyndun, prentun og dreifing) og uppfærsla og hönnun á upplýsingaskiltum til ferðamanna verði alfarið færð til Markaðsstofunnar. Áfram verði verkefni þó unnin í góðri samvinnu við Hafnarfjarðarbæ.

#### **Ferðamannabæklingur Welcome to Hafnarfjörður**

Prentkostnaður. Í ár voru prentuð 12.000 eintök kr. 490.000. Gerðar voru breytingar á stærð bæklings eftir ábendingar frá dreifingaraðila um að erfitt væri að ná bæklingnum upp úr hólfunum á stöðunum því var hann hækkaður, sem fól í sér aukin kostnað frá fyrra ári 2016. Meira er tekið af bæklingnum nú en áður og því er

gert ráð fyrir að bæta þurfi við magn prentaðra eintaka vegna 2018, kostnaður við prentun 18.000 eintaka er kr. 690.000.

Hönnun. Varðandi bæjarkortið þarf að teikna inn hús á Norðurbakkann, þar sem er grunnur og byggingarkrani nú, og laga Dvergsreitinn á yfirlitskorti Borgarmynda, og uppfæra kort fyrir prentun og vefútgáfu, kr. 240.000. Breyting á uppsetningu, texta, þýðingar og nýjar ljósmyndir áætlaður kostnaður kr.200.000. Hönnunarkostnaður áætlaður kr. 440.000.

Dreifing. Samningur hefur verið í gildi við R3 undanfarin ár og er áætlaður kostnaður kr. 47.000 á mánuði eða um kr. 550.000 á ári miðað við betri dreifingu í Hfj.

Áætlaður kostnaður við útgáfu bæklingisins er kr. 1.240.000.

Prentun : 690.000 (18.000 eintök)

Hönnun: 440.000

Dreifing: 550.000

Áætlaðar auglýsingatekjur til frádráttar: 440.000

### **Upplýsingaskilti til ferðamanna**

Skort hefur á að upplýsingaskiltin til ferðamanna, sem eru nú á fjórum stöðum í bænum við Bókasafn Hafnarfjarðar, í Verslunarmiðstöðinni Firði, við Fjörukránna og Norðurey Hótel Reykjavík Road (áður Hótel Hafnarfjörður), hafi verið uppfærð. Markaðsstofan leggur til að ábyrgð og utan um hald vegna uppfærslu og hönnunar skiltanna verði færð til Markaðsstofunnar en unnin í góðri samvinnu við Hafnarfjarðarbæ. Verkferillinn yrði þá þannig að skiltin yrðu uppfærð samhliða útgáfu ferðamannabæklingisins. Áætlaður kostnaður vegna skilta er kr. 370.000 (endurprentun á þau fjögur skilti auk tveggja nýrra skilta á Velli og Strandgötu 75). Hönnun kr. 200.000.

### **3. Heildstæð stefnumótun og aðgerðaráætlun fyrir Hafnarfjörð**

MsH sendi erindi til bæjarráðs dagsett 2. nóvember 2016 vegna mótunar vörumerkjastefnu fyrir Hafnarfjörð. Þar lá til grundvallar lítið verkefni þar sem vinnan átti að stórum hluta að vinnast hjá MsH. Það verkefni fór aldrei af stað. MsH leggur til að erindið verði tekið lengra en þar var áætlað og bætt verði töluvert í og farið verði í mun umfangsmeira verkefni með víðtækari greiningarvinnu og þátttöku bæjarbúa og hagsmunaaðila. Þannig verði farið í heildarstefnumótun fyrir Hafnarfjörð sem ferðamannastaðar og sem spennandi staðar til þess að vinna og búa í. Lokaafurðin af þessari greiningar og stefnumótunarvinnu verði aðgerðaráætlun og innleiðingaráætlun sem bæði MsH og Hafnarfjarðarbær fylgi eftir til framtíðar. Ef lítið er til samkomulags Markaðsstofunnar og Hafnarfjarðarbæjar má í raun segja að allt það sem snúi að gerð og utan um haldi við gerð slíkra stefnu og aðgerðaráætlunar séu þau verkefni sem MsH var falið að annast skv. samkomulaginu. Hugmyndin er að MsH leiði verkefnið í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og að fengnir verði utanaðkomandi sérfræðingar til þess að stýra faglegri vinnu við verkefnið.

Svona víðtæk verkefni hafa verið unnin í nokkrum sveitarfélögum og á komandi ráðstefnu um tækifærin í ferðaþjónustunni í Hafnafirði verða nokkur þeirra kynnt nánar.

Í grunninn má skipta svona vinnu upp í fjóra megin þætti:

1. greiningarvinna, rannsóknir, rýnihópar
2. stefnumótun
3. aðgerðaráætlun
4. innleiðing og árangursmælingar

Hér er dæmi um ýtarlegri vinnuáætlun á svona verkefni:

### **Fasi 1**

#### **MÓTUN VERKEFNIS**

- Skýrari sýn hvað viljum við fá útúr verkefninu.
- Hvert er umfang verkefnisins
- Hverjir koma að verkefninu.
- Tímasetningar og aðgerðaáætlun.

### **Fasi 2**

#### **GÖGN OG RANNSÓKNIR**

- Farið yfir fyrirliggjandi gögn og stefnumótun sem hefur verið unnin.
- Samantekt úr fyrirliggjandi gögnum mótað í heildstæða sýn
- Þörf á nýjum rannsóknum metin
- Nýjar rannsóknir settar í gang
- Vinnudagur með öllum þar sem farið yrði í uppruna „vörunnar“, framtíðarsýn, eiginleika, persónuleika og kjarnahæfni vöru.

### **Fasi 3**

#### **MARKMIÐASETNING, FRAMTÍÐARSÝN,**

Vinnudagur með hagsmunaðilum

### **Fasi 4**

#### **ÚRVINNSLA OG MÓTUN**

### **Fasi 5**

AÐGERÐAÁÆTLUN a.m.k. tveir vinnufundir

Mótun aðgerða- og markaðsplans

### **Fasi 6**

#### **SAMANTEKT**

- Samantekt og skýrslugerð
- Upplýsingar dregnar saman og mótuð ein heildstæða stefnu.

